Bækur fyrir þá sem vilja æfa sig í íslensku



Æfingabók í íslensku, byggð á Palli var einn í heiminum

Lausnir og leiðbeiningar með Æfingabók í íslensku, byggð á Palli var einn í heiminum

Höfundur: Anna Bjarnadóttir
Útgefandi: Hundahólmi, Reykjavík
Prentun: Svansprent, Kópavogi – prentað í lit, hvor bók er 52 síður
Sölustaðir: m.a. Bókstala stúdenta, BMM og skolavefurinn.is
Hafið samband við: hundaholmi@hundaholmi.is

Bækurnar **Æfingabók í íslensku, byggð á Palli var einn í heiminum** og **Lausnir og leiðbeiningar með Æfingabók í íslensku** eftir Önnu Bjarnadóttur komu út hjá Hundahólma haustið 2016. Þær eru ætlaðar nemendum með smá undirstöðu í málinu, íslenskum börnum í útlöndum og kennurum nýbúa og annarra áhugasamra útlendinga.

Anna kenndi Svisslendingum íslensku um árabil. Þeir vonuðust til að geta lesið og jafnvel gert sig skiljanlega á málinu. **Palli var einn í heiminum** reyndist ágætt kennsluefni. Sagan er í nútíð, textinn er stuttur og einfaldur, myndirnar fallegar og orðaforðinn nokkuð gagnlegur.

Sagan af Palla er sögð á hægri síðu hverrar opnu í **Æfingabókinni**. Æfingarnar felast í því að setja textann í kvenkyn, 1. eða 2. persónu. Síðan þarf að finna villur sem eru komnar í textann og oft á að svara nokkrum spurningum. Á vinstri síðu opnunnar eru síðan málfræði- eða orðaforðaæfingar. Lausnir verkefnanna er að finna í **Lausnir og leiðbeiningar.** Þar eru einnig töflur með beygingum orða og nokkur dæmi um orðanotkun. – Allur texti er á íslensku svo hægt er að nota bækurnar fyrir fólk hvaðanæva úr heiminum. Mælt er með síðu Stofnunar Árna Magnússonar http://bin.arnastofnun.is/forsida/ og hægt er að finna upplestur Guðrúnar Margrétar Bjarnadóttur á **Palli var einn í heiminum** á www.hundaholmi.is.

Bókaútgáfan Björk á Selfossi hefur gefið **Palli var einn í heiminum** út á íslensku síðan 1948. Þýðingu Vilbergs Júlíussonar hefur verið breytt lítillega í þessari útgáfu. Bókaútgáfan Björk og The Gyldendal Group Agency í Kaupmannahöfn veittu Hundahólma leyfi fyrir notkun **Palle alene i verden** eftir Jens Sigsgaard (texti) og Arne Ungermann (teikningar) í kennsluskyni.



Æfingabók



Lausnir